

Mættir stjórnarmenn:

Þorvaldur Örlygsson formaður
Helga Helgadóttir varaformaður
Halldór Breiðfjörð Jóhannsson
Orri Vignir Hlöðversson
Pálmi Haraldsson
Sveinn Gíslason
Unnar Stefán Sigurðsson
Þorkell Máni Pétursson

Á Teams:

Ingi Sigurðsson varaformaður
Tinna Hrund Hlynsdóttir

Forföll:

(engin)

Mættir starfsmenn:

Bryndís Einarsdóttir fjármálastjóri (á Teams)
Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri (á Teams)
Ómar Smáráson samskiptastjóri sem ritaði fundargerð

Mættur gestur:

Hannes Frímánn Sigurðsson verkefnastjóri

Þorvaldur Örlygsson formaður KSÍ bauð alla velkomna og fór yfir dagskrá fundarins.

Dagskrá:

- Vettvangsferð um höfuðstöðvar KSÍ
 - Stjórnarmenn skoðuðu ýmsa aðstöðu í byggingunni, meðal annars búningalager í kjallara, búningasklefa og aðra íþróttalega aðstöðu, og loks var litið á þær framkvæmdir sem eru í gangi við leikflöt Laugardalsvallar.
- Fundargerð síðustu stjórnarfunda
 - Farið yfir fundargerðir síðustu stjórnarfunda (fundir nr. 2317 og 2318). Fundargerðirnar verða sendar í rafræna undirritun á næstu dögum.
- Fundargerðir nefnda lagðar fram og fréttir af vettvangi ÍTF
 - Orri Vignir Hlöðversson fór yfir nýjustu fréttir af vettvangi ÍTF, m.a. starfsmannabreytingar, starfsemina og rekstur ÍTF almennt. Einnig lýsti Orri yfir ánægju með nýlega vinnustofu fyrir félög í efstu deildum um stjórnun og stefnumótun sem haldin var í höfuðstöðvum KSÍ um miðjan nóvember í samstarfi FIFA, KSÍ og ÍTF. Þá sagði Orri frá nýlegum fundi ÍTF þar sem fjallað var um UEFA samstöðubætur til íslenskra félaga. Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri KSÍ sat þann fund fyrir hönd KSÍ.
 - Helga Helgadóttir formaður mótanefndar lagði fram fundargerðir mótanefndar (fundir nr. 7 og 8) og stiklaði á stóru um fundarefnin – þar sem m.a. fjallað var um skipulag og keppnisfyrirkomulag Lengjubikarsins. Mótanefndin leggur til breytingar á fyrirkomulagi leikmannaskiptinga í Lengjubikarnum. *Stjórn samþykkti tillögurnar og samþykkti jafnframt að vísa þeim til laga- og leikreglanefndar (LLR) til frágangs.* Fyrstu drög að niðurröðun leikja í Bestu deildum karla og kvenna liggja fyrir, fundað hefur verið með félögum og frekara samráð er fyrirhugað.
 - Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri lagði fram fundargerð frá fundi knattspyrnu- og þróunarnefndar, þar sem m.a. fjallað var um vinnu starfshóps sem hafði það hlutverk að skoða möguleikann á innleiðingu leyfiskerfis fyrir yngri flokka.
- Fjármál
 - Bryndís Einarsdóttir fjármálastjóri KSÍ fór yfir 9 mánaða uppgjör Knattspyrnusambandsins. Rekstur ársins er á ætlu.
- Laugardalsvöllur

- a. Hannes Frímann Sigurðsson verkefnastjóri fór yfir stöðu framkvæmda við leikflöt Laugardalsvallar og næstu skref. Verkefnið er á áætlun verklega og kostnaðarlega. Starfsmenn SIS sem vinna við verkið klára verkþætti haustsins og halda til síns heima í desember. Verkefninu verður svo framhaldið í vor með það fyrir augum að leikflöturinn verði tilbúinn til notkunar í júní 2025.
- b. Ingi Sigurðsson fór yfir það sem fram hefur farið á nýlegum fundum Þjóðarleikvangs ehf. Nokkuð miklar mannabreytingar hafa verið í stjórn félagsins. Ingi fór aðeins yfir tilgang Þjóðarleikvangs ehf. almennt og eiginlegt hlutverk þess félags í tengslum við yfirstandandi framkvæmdir við Laugardalsvöll.
- c. Allir stjórnarmenn tóku til máls um yfirstandandi framkvæmdir, framhaldið og framtíð Laugardalsvallar sem þjóðarleikvangs.

6. Dómaramál

- a. Halldór Breiðfjörð Jóhannsson greindi frá því að undirbúningur dómara fyrir komandi keppnistímabil sé hafinn að fullu, m.a. var haldin landsdómararáðstefna nýlega. Halldór greindi einnig frá því að Egill Arnar Sigurbórsson formaður dómaranefndar hefði ákveðið að hætta í nefndinni og lagði Halldór til við stjórnina að samþykka að Egill Már Markússon verði nýr formaður dómaranefndar. *Stjórn KSÍ samþykkti tillöguna og mun Egill Már strax taka til starfa.*

7. Önnur mál

- a. Þorvaldur Örlygsson formaður fór yfir mögulega leikstaði A landsliðs karla í umspilsleikjum Þjóðadeildar UEFA í mars 2025. Mikil vinna og greining hefur farið fram við að kanna mögulega leikstaði - ferðalög, kostnað og ýmsa hagnýta og íþróttalega þætti. *Stjórn KSÍ samþykkti að heimaleikur íslenska liðsins yrði á Estadio Enrique Roca í Murcia á Spáni.*
- b. Á komandi þingi FIFA sem haldið verður í desember verður lögð fram tillaga framkvæmdastjórnar FIFA um mótshaldara næstu tveggja heimsmeistarakeppna A landsliða karla, þ.e. árin 2030 og 2034. Spánn, Portúgal og Marokkó hafa sóst eftir því að halda HM 2030, og Sáði-Arabía hefur sóst eftir að halda HM 2034. Ekki er um aðrar umsóknir að ræða.
- c. Rætt um þjálfaramál A landsliðs karla. Åge Hareide tilkynnti það í vikunni að hann hefði ákveðið að hætta sem þjálfari íslenska liðsins. Stjórnin þakkar Åge kærlega fyrir hans góðu störf og óskar honum velfarnaðar í framtíðinni. *Stjórn KSÍ samþykkti að fela formanni og varaformönnum að hefja og halda utan um leit að næsta þjálfara A landsliðs karla.*
- d. Fjallað um erindi Jóns Rúnars Halldórssonar varamanns í stjórn KSÍ til stjórnar KSÍ um framkvæmdir við Laugardalsvöll. *Framkvæmdastjóra falið að svara erindi Jóns Rúnars skriflega fyrir hönd stjórnar í samræmi við umræður stjórnarmanna.*
- e. Eysteinn Pétur Lárusson greindi frá því að Reykjavíkurborg hefði óskað eftir því að Laugarnesskóli myndi fá tímabundið aðstöðu til kennslu fyrir 4. bekk í höfuðstöðvum KSÍ í loka nóvember og byrjun desember.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30

Fundarritari: Ómar Smáráson

Næsti stjórnarfundur verður 12. desember, 8. janúar og 29. janúar.